



Til nefnda- og greiningarsviðs Alþingis

Grundarfirði, 14. desember 2023

Umsögn Grundarfjarðarbæjar um frumvarp um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga 478. þingmál, 2023-2024

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar vill koma á framfæri umsögn um ofangreint frumvarp til nýrra heildarlaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og starfsemi hans.

Að áliti bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar er það framfaraskref að lögfest verði sérstök lög til grundvallar jöfnunarkerfinu, sem er ein af grunnstoðum sveitarstjórnarstigsins hér á landi. Fyrir flest sveitarfélög skiptir regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga miklu máli. Nauðsynlegt er að lagaumgjörð um starfsemi sjóðsins sé skýr, gegnsæ og sanngjörn. Mikilvægt er að tryggja eins breiða sátt um inntak þeirra laga og kostur er.

Miðað við þá útreikninga um áætluð áhrif á sveitarfélagið sem kynntir voru á vinnslustigi frumvarpsins munu lögin ekki hafa verulega neikvæð áhrif á fjárhag Grundarfjarðarbæjar. Bæjarstjórn telur engu að síður tilefni til nokkurra ábendinga við frumvarpið og fylgja þær hér á eftir.

Um Grundarfjarðarbæ

Íbúafjöldi í Grundarfirði hefur staðið í stað sl. 2 ár, eftir að hafa hrapað úr 976 í kringum 2006 og niður fyrir 840 á Covid-árinu 2021, fór lægst í 834 í nóvember 2021. Að tapa tæplega 15% íbúafjöldans á 15 árum segir verulega til sín í tekjum, bæði útsvarstekjum og jöfnunarsjóðstekjum.

Útsvarstekjur bæjarins koma um 60-65% frá sjávarútvegi (veiðar og vinnsla), 5-10% af ferðaþjónustu. Þróun (hækkun) útsvarstekna Grundarfjarðarbæjar síðustu misserin hefur alls ekki haldið í við landsmeðaltal og ekki heldur Vesturlands meðaltal.

Í samburði sem sveitarfélagið gerði fyrir 2 árum á meðal 34 sveitarfélaga víðsvegar um landið og náði til 7 ára tímabils, þá hækkaði fasteignamat **minnst** í Grundarfirði – og þar með næst stærsti tekjustofn sveitarfélagsins.

Á sama tíma og íbúum fækkar er erfitt um vik að ná viðspyrnu, þar sem skuldir eru einnig of miklar. Uppúr 2008, eftir bankahrun, lenti bæjarsjóður í umtalsverðum

kröggum, og hefur með harðfylgi náð að lækka skuldahlutfall verulega og er það nú 98%.

Jöfnunarsjóðstekjur skipta Grundarfjarðarbæ miklu máli. Þær eru klárlega hluti af tekjumódeli sveitarfélaganna, forsenda sem ekki má breyta og þarf að vera fyrirsjáanleg við gerð langtímaáætlana sveitarfélaga, á meðan una þarf við annars afleita tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga og vanfjármögnun ýmissa málaflokka og verkefna. Rétt er að minna á þá staðreynd, að það er ríkið (löggjafinn) sem ákveður hvað telst til lögskyldra og lögheimilla verkefna sveitarfélaga. Heilt yfir skortir verulega á að verklag sé nægilega vandað við mat á kostnaðaráhrifum nýrra verkefna sem sveitarfélögum eru falin og það heyrir til undantekninga að nýjum verkefnum fylgi nægileg fjármögnun.

Lögskyldum verkefnum sveitarfélaga hefur fjölgað og kröfur til þjónustu sveitarfélaga hafa aukist verulega, með tilheyrandi útgjaldaaukningu á mörgum sviðum. Má sem dæmi nefna kröfur í félagsþjónustu, málefni fatlaðra og aldraðra, skipulagsmál, jafnlaunavottun, skólþjónustu og umhverfismál.

Það eru því margar ríkar ástæður til að veikja ekki Jöfnunarsjóðstekjur sem þá stoð sem hún er í tekjumódeli sveitarfélaga eins og Grundarfjarðarbæjar.

Almennt um frumvarpið

Markmið og áherslur í þingsályktun nr. 21/150, um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023, voru m.a. að sveitarfélög á Íslandi yrðu öflugur og sjálfbær vettvangur lýðræðislegrar starfsemi, sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga yrði virt og að **tryggð yrðu sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu**. Heildarendurskoðun á umgjörð Jöfnunarsjóðsins og breytingar á grundvelli hennar áttu m.a. að stuðla að þessu. Leiða átti fram nýja sýn á það hvernig Jöfnunarsjóðurinn sem þriðji tekjustofn sveitarfélaganna gæti stutt við rekstur og þjónustu sveitarfélaganna á markvissan og sjálfbæran hátt og aukið jöfnuð sem styddi við langtímastefnumótun. Tillögur starfshóps um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðsins, frá mars 2023, höfðu það markmið að **framlög Jöfnunarsjóðsins færu þangað sem mest þörf er á með tilliti til tekjufjöfnunarmöguleika sveitarfélaga**, eins og fram kemur í [þessum inngangskafli greinargerðar frumvarps til nýrra heildarlaga um jöfnunarsjóðinn](#).

Mótmælt er breytingum á frumvarpinu v. ákvæða um fullnýtingu útsvarsstofns

Með hliðsjón af grunngildum að baki tekjufjöfnunarkerfi sveitarfélaganna, lögum og framkvæmd og þeim áformum sem að framan eru rakin, telur bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar tilefni til að gera alvarlegar athugasemdir við að gerð skuli hafa verið grundvallarbreyting á frumvarpinu, **án samráðs**, rétt fyrir framlagningu þess á þingi. Hér er vísað til þess að í 13. gr. frumvarpsins hafa verið felldar brott tvær málsgreinar.

Liklegt má telja að þessi síðbúna grundvallarbreyting gagnist einkum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem ekki leggja á hámarksútsvar og nýta því ekki til fulls þá tekjumöguleika sem þau hafa.

Eftir því sem best er vitað var um það alger einhugur í starfshópi um endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs að sveitarfélög sem ekki leggja á hámarksútsvar verði að sæta skerðingu á reiknuðum jöfnunarframlögum sem nemur mismun á hámarksnýtingu útsvars og álögðu útsvari. Um þetta fjallaði 4. mgr. 13 gr. en í 5. mgr. var nánar kveðið á um framkvæmd skerðingar á framlögum sem af þessu myndi leiða. Brotthvarf frá þeirri grundvallarreglu leiðir af sér tilfærslu jöfnunarframlaga sem nemur mörg hundruð milljónum króna á ári hverju. Áhrif þessarar breytingar koma fyrst og fremst niður á sveitarfélögum sem búa við erfiðar aðstæður til tekjuöflunar en ávinningur breytingarinnar liggur hjá sveitarfélögum þar sem meðaltekjur á íbúa eru með þeim hæstu á öllu landinu – svo háar að sveitarstjórnir sjá ekki þörf eða ástæðu til að fullnýta skattheimildir sínar hjá íbúunum.

Á sama tíma og þessi breyting er gerð á frumvarpinu gerir reiknilíkan Jöfnunarsjóðs að öðru leyti ráð fyrir því sem ófrávíkjanlegri meginreglu að sveitarfélög sem hafa tekjumöguleika umfram önnur fái lægri framlög frá sjóðnum eða í sumum tilvikum engin jöfnunarframlög.

Áskorun um breytingu á frumvarpinu

Grundarfjarðarbær mótmælir þessum vinnubrögðum harðlega og skorar á þingmenn að breyta þessu atriði frumvarpsins. Því verður með engu móti trúað að vilji löggjafans sé að íbúar fámennra og dreifbýlla sveitarfélaga um allt land fjármagni þá ívilnun til íbúa sem tekjuhæstu sveitarfélög landsins, með allt aðra tekjumöguleika hvað varðar vinnumarkað og samfélagsþróun, veita sínum íbúum með því að leggja ekki á hámarksútsvar. Þessum sveitarfélögum á hins vegar að vera, eins og hingað til, frjálst að lækka útsvarshlutfall á eigin kostnað og mæta því með hagræðingu í rekstri.

Þessu verður að breyta, eigi markmið Jöfnunarsjóðs að nást.

Virðingarfyllst,

f.h. bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar,



Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri